

## **76. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 2. september 2009, kl. 17:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

- 1. Húsnæðismál**
  - 2. Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 6 mánuði**
  - 3. Skólamáltíðir**
  - 4. Námsver á Blönduósi**
  - 5. Námsvist utan lögheimilis sveitarfélaga**
  - 6. Húsnæðismál**
  - 7. Ályktun 17. ársþings sveitarfélaga á Norðurlandi vestra**
  - 8. Skólaakstur**
  - 9. Stækkun verknámsaðstöðu FNV**
  - 10. Ársreikningur Háubrekku**
  - 11. Atvinnumál**
  - 12. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

**1. Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 6 mánuði ársins**

*Fjármálastjóri Blönduósbæjar mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu reksturs Blönduósbæjar fyrstu 6 mánuði ársins 2009.*

*Lögð fram rekstrarskýrsla fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Jákvæð niðurstaða úr rekstri er 45 milljónir króna.*

**2. Skólamáltíðir**

*Fjármálastjóri kynnti nógildandi gjaldskrá mötuneytis Grunnskólans á Blönduósi.*

*Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá mötuneytisins hækki sem nemur vísitölu neysluverðs.*

*Hækkunin tekur gildi 1. nóvember n.k.*

*Fjármálastjóri yfirgefur fundinn.*

**3. Námsver á Blönduósi**

*Fyrirhugað er að Blönduósbær, Farskólinn, Samstaða og Húnavatnshreppur verði samstarfsaðilar að námsveri á Blönduósi. Fyrir liggur kostnaðaráætlun.*

*Bæjarráð samþykkir kostnaðaráætlunina og vísar henni til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.*

**4. Námsvist utan lögheimilis sveitarfélaga**

*Fært í trúnaðarbók*

**5. Húsnæðismál**

*Almennar umræður urðu um húsnæðismál á Blönduósi.*

*Bæjarráð óskaði eftir á síðasta bæjarráðsfundi eftir gögnum um stöðu viðhalds fasteigna frá umsjónarmanni fasteigna. Þær liggja nú fyrir. Nauðsynlegt er að leggja aukna fjármuni í viðhald á fasteignum Blönduósbæjar.*

*Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfé til viðhalds að upphæð kr. 1.800.000 og vísar að öðru leyti til endurskoðunar fjarhagsáætlunar.*

**6. Ályktun 17. ársþings sveitarfélaga á Norðurlandi vestra**

*17. ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra var haldið í Skagafirði 21. -22. ágúst 2009. Þar var ályktað um samgöngumál, fjarskiptamál, atvinnumál, umhverfismál, menntamál, heilbrigðismál og málefni sveitarfélaga.*

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Skólaakstur**

*Samningur um skólaakstur fyrir grunnskólabörn í sveitarfélaginu rann út í vor.*

*Bæjarráð samþykkir að framlengja samninginn um eitt þ.e. skólaárið 2009-2010.*

**8. Stækkun verknámsaðstöðu FNV**

*Fyrir liggja gögn vegna stækkunar verknámsaðstöðu Fjölbautarskólans Norðurlands vestra. Fulltrúar sveitarfélaganna í byggingarnefnd hússins óska eftir að sveitarfélagið staðfesti þátttöku sína.*

*Bæjarráð staðfestir fyrir sitt leyti þátttöku Blönduósbæjar á þeim forsendum að frekari seinkun verði ekki á því að framkvæmdir geti hafist.*

**9. Ársreikningur Háubrekku**

*Aðalfundur Háubrekku var haldinn í dag 2. september.*

*Bæjarráð samþykkir ársreikninginn samhljóða.*

**10. Atvinnumál**

*Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu.*

**11. Önnur mál**

*Engin önnur mál.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 19:30*

*Arnar Þór Sævarsson(sign.)*

*Kári Kárason(sign.)*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)*